

AUGLÝSING

7
25. ján.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafmagnsstöðina í Vík, nr. 23 5. febrúar 1951.

Auk heimildar til hækkunar í V. kafla gjaldskrárinnar, er hreppsnefnd heimilt að hækka gjöld samkvæmt lið B-2 í I. kafla um 50% og gjöld samkvæmt öðrum liðum I. kafla um 25%, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 25. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

8
26. jan.

um bann við heyflutningi.

Með tilvísun til 43. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, er hér með bannað með öllu að flytja hey úr sveitum, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur orðið vart til staða, þar sem garnaveiki í sauðfé hefur ekki gert vart við sig, nema sérstakt leyfi sauðfjársjúkdómanefndar komi til í hvert sinn. Hið sama gildir um heyflutning inn á fjárlaus svæði, þar sem niðurskurður sauðfjár hefur átt sér stað.

Brot gegn þessu banni varða sektum allt að 10000 krónum eða fangelsi samkvæmt ákvæðum sömu laga.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

9
28. jan.

um bann við eldi refa og minka í Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Bannað er að ala refi og minka í Sauðárkrókskaupstað. Séu loðdýrabú rekin í bænum, er reglugerð þessi tekur gildi, skal dýrunum lógað tafarlaust, enda greiði bæjarsjóður skaðabætur til eiganda, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Þegar reglugerð þessi hefur tekið gildi, felur bæjarstjórn bæjarstjóra að rannsaka hversu mörg loðdýrabú séu í bænum. Geri hann síðan ráðstafanir til, að farið sé með þau bú, er til kunna að vera, svo sem fyrir er mælt í fyrstu grein.

9
28. jan.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 kr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt lögum nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. janúar 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

10
28. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, sbr. reglugerð nr. 152 1. ágúst 1951, og reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951, um stóreignaskatt skv. 12. gr. l. nr. 22/1950.

1. gr.

Síðasta málsgrein 21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Einnig geta skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, skotið úrskurði ríkisskattanefndar til dómstóla, enda sé mál höfðað í síðasta lagi 29. febrúar 1952.

2. gr.

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 202 27. nóv. 1951.

Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1952.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

11
30. jan.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 82, 31. júlí 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun, gjaldeyrismeðferð og verðlagseftirlit.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja til landsins hvers konar vörur, nema þær hafi verið greiddar seljanda, gjaldeyrir til greiðslu þeirra hafi verið tryggður gegnum banka eða B-skírteini hafi verið gefið út til innflutnings varanna, áður en þær eru sendar til landsins. Gildir þetta jafnt þótt gjaldeyris- og innflutningsleyfi hafi þegar verið veitt fyrir vörum.

2. gr.

Engar vörur má tollafgreiða, nema framvísað sé kaupreikningi með áritaðri kvittun seljanda fyrir greiðslunni eða með áritun banka um að varan sé greidd eða greiðsla tryggð í erlendum gjaldeyri.